

GJALDSKRÁ

fyrir byggingarleyfis- og þjónustugjöld byggingarfulltrúa Fjallabyggðar.

1. gr.

Fyrir yfirferð og samþykkt aðaluppdráttu og fylgiskjala þeirra, sem gerðir eru vegna nýbygginga, viðbygginga og breytinga á eldri byggingum í umdæmi Fjallabyggðar, skal byggingarfulltrúinn í Fjallabyggð í umboði bæjarstjórnar innheimta byggingarleyfisgjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Byggingarleyfisgjöld.

Gjöldin miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Innifalið er byggingarleyfi, útmæling og hæðarsetning, byggingareftirlit, lögbundnar úttektir, fokheldisvottorð og vottorð um lokaúttekt.

<i>Tegund byggingar</i>	<i>kr./m³</i>	<i>Athugasemdir</i>
A. Íbúðarhúsnæði	82	Gjald þó ekki lægra en kr. 75.577
B. Iðnaðarhúsnæði	82	Gjald þó ekki lægra en kr. 100.000
C. Verslun og þjónusta	82	Gjald þó ekki lægra en kr. 100.000
D. Sérhæfðar byggingar	82	Gjald þó ekki lægra en kr. 124.000
E. Frístundahús	82	Gjald þó ekki lægra en kr. 61.835
F. Aðrar byggingar en tilgreindar eru í liðum A-E	82	Gjald þó ekki lægra en kr. 61.835
G. Stækkun húsnæðis/viðbyggingar o.þ.h.	82	Gjald þó ekki lægra en kr. 38.475
H. Niðurrif húsa	0	Fast gjald kr. 6.870
I. Endurnýjun eldra byggingarleyfis	0	Fast gjald kr. 6.870

3. gr.

Rúmmetragjald samkvæmt 2. gr. skal reikna af brúttórúmmáli sbr. ákvæði staðalsins ÍST 50, án svala og C rýma. Rúmmetra skal námunda í heilan rúmmetra samkvæmt almennum reiknireglum.

4. gr.

Byggingarfulltrúi annast innheimtu byggingarleyfisgjalda samkvæmt gjaldskrá þessari.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

5. gr.

Gjalddagi lágmarksgjalds er við móttöku byggingarleyfisumsóknar. Gjalddagi rúmmetragjalds er fyrir útgáfu byggingarleyfis. Byggingarfulltrúa er óheimil útgáfa byggingarleyfis, eða takmarkaðs byggingarleyfis, fyrr en byggingarleyfisgjald hefur verið greitt.

6. gr.

Byggingarleyfisgjald verður ekki endurgreitt falli byggingarleyfishafi frá notkun leyfisins eða það fellur úr gildi.

7. gr.

Fyrir þjónustu sem veitt er af hálfu byggingarfulltrúa í umdæmi Fjallabyggðar, skal byggingarfulltrúinn í Fjallabyggð í umboði bæjarstjórnar innheimta þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

8. gr.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld.

Fyrir ýmsa þjónustu sem byggingarfulltrúi veitir greiðast eftirfarandi gjöld:

<i>Tegund þjónustu</i>	<i>Gjald kr.</i>
1. Afgreiðslugjald fast gjald á aðra liði en um getur í 2. og 8. gr. Gjaldið greiðist fyrir hverja einstaka afgreiðslu tækni- og umhverfis- nefndar	1.649
2. Útgáfa stöðuleyfis fyrir hjólhýsi, gáma o.þ.h., a) Eingreiðsla við veitingu stöðuleyfisleyfis, sem endurgreiðist þegar gámur er fjarlægður	96.189
b) Stöðuleyfisleyfi fyrir gáma, hjólhýsi o.þ.h., árgjald sem greiðist fyrirfram með gjalddaga í janúar hvert ár	24.047
3. Lóðarúthlutunargjald, óendurkræft, þó lóðinni sé skilað aftur til bæjarins	16.489
4. Eignaskiptalýsingar, hver umfjöllun	6.870
5. Vottorð vegna vínveitingaleyfa	6.870
6. Fyrir húsaleiguúttekt	6.870
7. Fyrir úttekt á verkstöðu vegna lánveitingar	6.870
8. Fyrir breytingu á lóðarleigusamningi	34.353

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 2009 og reiknast á hverjum tíma í samræmi við gildandi byggingarvísitölu.

10. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af bæjarstjórn Fjallabyggðar 30. janúar 2007 með heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, sbr. einnig 27., 28. og 29. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998 og öðlast gildi við birtingu.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar þann 13. desember 2006 og samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 30. janúar 2007.

Fjallabyggð, 13. janúar 2009.

Þórir Kr. Þórisson bæjarstjóri.